

Aðalfundur Skáksambands Íslands 30. maí 2026

Breytingartillaga við tillögu

Gauta Páls, Kjartans Maack og Magnúsar Pálma:

Upphaf gildandi 4. gr. skáklaga Skáksambands Íslands er svohljóðandi:

4. grein. Almenn ákvæði um skákmót á vegum SÍ

a. Skákmót sem SÍ heldur

SÍ skal árlega standa fyrir eftirtöldum mótum:

1. Skákþing Íslands. Keppni á Skákþingi Íslands skiptist í landsliðsflokk, áskorendaflokk, Íslandsmót kvenna (landsliðsflokk kvenna), barna- og ungmennaflokka og Íslandsmót öldunga.
2. Hraðskákmót Íslands.
3. Atskákmót Íslands.
4. Íslandsmót skákfélaga

*Lagt er til við 1. tölulið 1. mgr. 4. gr. skáklaga SÍ bætist við orðið **meistaraflokk** á eftir landsliðsflokk og að töluliðurinn hljóði svo:*

Skákþing Íslands. Keppni á Skákþingi Íslands skiptist í landsliðsflokk, meistaraflokk, áskorendaflokk, Íslandsmót kvenna (landsliðsflokk kvenna), barna- og ungmennaflokka og Íslandsmót öldunga.

Aðalfundur Skáksambands Íslands 30. maí 2026

Breytingartillaga við tillögu

Gauta Páls, Kjartans Maack og Magnúsar Pálma:

Gildandi 5. gr. skáklaga Skáksambands Íslands er svohljóðandi:

5. grein. Landsliðsflokkur Skákþings Íslands

Eftirtaldir keppendur hafa þátttökurétt í landsliðsflokki:

1. Þrír efstu menn í landsliðsflokki á síðasta Skákþingi Íslands og til vara sá sem þar hafnaði í fjórða sæti.
2. Tveir efstu menn í áskorendaflokki á síðasta Skákþingi Íslands.
3. Þrír stigahæstu menn landsins, miðað við virk skákstig, aðrir en þeir sem falla undir lið 1 eða 2, og til vara þeir tveir sem næstir þeim eru að stigum.
4. Ungmenameistari Íslands.
5. Íslandsmeistari kvenna frá árinu áður.
6. Eftir atvikum aðrir keppendur valdir af stjórn SÍ.

Stjórn SÍ skal a.m.k. tveimur mánuðum áður en keppni í landsliðsflokki hefst tilkynna hversu margir keppendur verða og hvar keppnin verður haldin. Jafnframt skal tilkynna hverjir hafi rétt til þátttöku samkvæmt tölulíðum 1–3 og gefa þeim tveggja vikna frest til að ákveða hvort þeir tefli. Mánuði áður en keppnin hefst skal stjórnin hafa valið þá sem hún býður til þátttöku. Ef mjög sérstakar aðstæður krefjast er stjórn SÍ heimilt að víkja frá umræddum tímafrestum.

Við val á keppendum samkvæmt 6. tölulíð hér að framan, skal stjórn SÍ hafa til hliðsjónar alþjóðleg skákstig og árangur skákmanna á nýafstöðnum mótum, enda hafi þeir teflt eigi færri en 30 kappskákir á undanförunum 24 mánuðum. Stjórn SÍ hefur heimild til að falla frá þessum mörkum við mjög sérstakar aðstæður.

Þrátt fyrir framangreint er stjórn SÍ heimilt að sameina keppni í landsliðsflokki og áskorendaflokki í eitt mót.

Sigurvegari í landsliðsflokki Skákþings Íslands hlýtur nafnbótina *skákmeistari Íslands*.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 5. gr. skáklaga SÍ:

- Í stað 2. tölulíðar 1. mgr. ákvæðisins komi:

Tveir efstu menn í meistaraflokki á síðasta Skákþingi Íslands.

- Bæði 4. og 5. tölulíður 1. mgr. ákvæðisins falli brott og við það verður 6. tölulíður að 4. tölulíð.
- Í stað orðsins 6. tölulíð hér að framan í 3. mgr. ákvæðisins komi:

4. tölulíð hér að framan.

- Í stað 4. mgr. ákvæðisins komi:

Þrátt fyrir framangreint er stjórn SÍ heimilt að sameina keppni í landsliðsflokki, meistaraflokki og áskorendaflokki í eitt opið mót.

Aðalfundur Skáksambands Íslands 30. maí 2026

Breytingartillaga við tillögu

Gauta Páls, Kjartans Maack og Magnúsar Pálma:

Lagt er til að við ný grein bætist við skáklögin, 5. gr. a:

5. grein a. Meistaraflokkur Skákþings Íslands

Að jafnaði skal Meistaraflokkur Skákþings Íslands vera tíu manna lokað mót og skulu eftirtaldir keppendur hafa þátttökurétt í meistaraflokki:

1. Skákmenn í 3.-5. sæti meistaraflokks á síðasta Skákþingi Íslands og til vara sá sem þar hafnaði í sjötta sæti.
2. Þrír efstu menn í áskorendaflokki á síðasta Skákþingi Íslands.
3. Íslandsmeistari kvenna frá árinu áður (ef hún hefur ekki þegar tryggt sér sæti með öðrum hætti) fái sæti í Meistaraflokki
4. Ungmenameistari Íslands (ef hann/hún hefur ekki þegar tryggt sér sæti) fái sæti í Meistaraflokki.
5. Aðrir keppendur valdir af stjórn SÍ.

Við val á keppendum samkvæmt 5. tölulið hér að framan, skal stjórn SÍ hafa til hliðsjónar virk alþjóðleg kappskákstig og árangur skákmanna á nýafstöðnum mótum.

Þrátt fyrir framangreint er stjórn SÍ heimilt að sameina keppni í meistaraflokk og áskorendaflokk í eitt opið mót.

Aðalfundur Skáksambands Íslands 30. maí 2026

Breytingartillaga við tillögu

Gauta Páls, Kjartans Maack og Magnúsar Pálma:

Gildandi 6. gr. skáklaga Skáksambands Íslands er svohljóðandi:

6. grein. Áskorendaflokkur Skákþings Íslands

Áskorendaflokkur skal opinn öllum sem ekki hafa unnið sér rétt til þátttöku í landsliðsflokki.

Að jafnaði skulu tefldar níu umferðir eftir svissnesku kerfi en ef þátttakendur eru færri en 20 má fækka umferðum. Stjórn SÍ skal með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara tilkynna hvar og hvenær flokkurinn fari fram. Ef mjög sérstakar aðstæður krefjast er stjórn SÍ heimilt að víkja frá umræddum tímafresti.

Tveir efstu keppendur áskorendaflokks vinna sér rétt til þátttöku í landsliðsflokki árið eftir, sbr. einnig 5. gr.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 1. mgr. 6. gr. skáklaga SÍ:

Áskorendaflokkur skal opinn öllum sem hvorki hafa unnið sér rétt til þátttöku í landsliðsflokki né í meistaraflokki.

Aðalfundur Skáksambands Íslands 30. maí 2026

Breytingartillaga við tillögu

Gauta Páls, Kjartans Maack og Magnúsar Pálma:

Lagt er til eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða við skáklög SÍ:

Reglur um rétt til að taka þátt í landsliðsflokki árið 2027 miðast við ákvæði skáklaga sem giltu áður en ákvæðum skáklaga um meistaraflokk voru samþykkt á aðalfundi SÍ 2026.

Keppni í meistaraflokki skal haldin í fyrsta skipti árið 2027 og verður um lokað skákmót að ræða. Stjórn SÍ býður öllum keppendum í mótið og skal hafa til hliðsjónar virk alþjóðleg kappskákstig og árangur skákmanna á nýafstöðnum mótum.

Frá og með árinu 2028 gilda að öllu leyti reglur um skipulag keppni í landsliðsflokki, meistaraflokki og áskorendaflokki, sbr. 5. gr., 5. gr. a og 6. gr. skáklaga þessara.